

Þess skal getið, að af þeim 1500 kr., sem getur um undir 1. tölul., hafi 20. 87
f. m. verið ávísað 1000 kr. og upphæðin undir 4. tölul., 150 kr., hefir í dag verið ávísuð 3. ágúst.
hlutaðeiganda til útborgunar úr jarðabókarsjóði.

— Ágrip af brjefi yfirstjórnar póst- og telegraphmálanna til landshöfðingja um 88
póstflutning með norsku gufuskipi. — Í brjefi þessu skýrir yfirkjörstjórnin frá, að 27. ágúst.
ráðstöfun sje gjörð til þess, að póstur (brjef og krossbandssendingar) verði fluttur með
gufuskipinu «Vaagen» frá Stafangri, er gangi milli Noregs og Seyðisfjarðar og Eski-
fjarðar; verði pósturinn afhentur póstaðgreiðslumanninum á Seyðisfirði, er sjái um
frekari flutning hans.

— Brjef landshöfðingja til póstmeistara um útborgun á póstávisunarupphæð. — 89
Eptir að hafa meðtekið álit yðar, herra póstmeistari, í þóknanlegu brjefi frá 12. þ. m., 29. ágúst.
vil jeg hjer með samþykka, að þjer greiðið frá Ástríði Melsteð 20 shillings, sem er
upphæð póstávisunar, er henni var send frá Dr. C. F. Richardson í Ramsgate með
janúarferð póstgufuskipsins Phönix, en sem ekki hefir komið til skila, af því að skipið
fórst í þessari ferð. Samþykki mitt til þessarar útborgunar er bundið því skilyrði, að
frú Ástríður Melsteð gefi út tilhlýðilega kvittun fyrir upphæðinni og hún skuldbindi
sig til að endurborga hana póstsjóði, ef einhver annar skyldi geta sannað rjett sinn að
hinni glötuðu póstávisun, eða ef hin enska póststjórn eða aðrir hlutaðeigendur skyldu
ekki taka kvittunina gilda sem nægilegt, sönnunarskjal með tilliti til endurborgunar á
upphæðinni.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 90
þingreið hjeraðslæknis. — Í brjefi frá 28. maí þ. á. hefir presturinn að Hjaltastað 1. sept.
sira Björn Þorláksson, farið þess á leit, að jeg sjái um, að lœknirinn í 14. lœknishjer-
aði, Þorvarður Kjerulf, er í vor var kosinn 1. þingmaður Norðurmúlasýslu, gefi frá sjer
þingmennskuna eða sjái svo um, að fullgildur lœknir dvelji stöðugt í umdæmi hans,
meðan hann er fjarlægur sakir þingsetu.

Fyrir því vil jeg skora á yður, herra amtmaður, að tjá nefndum presti, að jeg
hafi ekki fundið nægilega ástæðu til að gjöra neina breytingu á því fyrirkomulagi á
þjónustu nefnds embættis í sumar, er tjedur lœknir gerði í vor með samþykki amtsins,
en að því er snertir þær þingreiðir nefnds hjeraðslæknis, er síðar kynnu að koma
fyrir, vil jeg fela yður, herra amtmaður, að gjöra þær ráðstafanir um þjónustu nefnds
lœknishjeraðs, sem þörf er á.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 91
spítalagjald af sildartunnum og af landshlut af sild. — Í þóknanlegu brjefi frá 11. 1. sept.
f. m. hafið þjer, herra amtmaður, út af erindi frá sýslumanninum í Norðurmúlasýslu
lagt þær spurningar undir úrlausn mína, hvort greiða skuli spítalagjald af sildarafla
eptir tölu útfluttra sildartunna eða eptir máltunnum, og hvort greiða eigi þetta gjald
af þeirri sild, sem látin er af hendi í landshlut.

91

- Að því er snertir fyrri spurninguna, sjest hvorki af brjefi yðar nje af brjefi 1. sept. sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, hve stórar síldartunnur og máltunnur þær eru, sem venjulega eru hafðar í þeim hjeruðum, er síldarveiði tíðkast í, en tunnumál eru, eins og sjest meðal annars af riti Bauers um «Maal, Vægt, Mönt», bls. 240—241; fleiri en eitt, og er þar talin máltunna fyrir síld 112 pottar.

Jeg er yður samdóma um, að spítalagjaldið rjettilega eigi að greiðast eptir tölu máltunna, og ekki eptir tölu þeirra tunna, sem síld í þann og þann svipinn kann að vera söltuð niður í, og sem stundum geta verið stærri, stundum minni, en hin almenna 112 potta síldartunna, en að öðru leyti verð jeg að skírskota til brjefs míns frá 13. desember f. á. (stjórnartíð. B. 184), þar sem tekið er fram, að spítalagjaldið eigi að greiðast af hverri síldartunnu, eins og hún er útflutt.

Að því er snertir síðari spurninguna, takið þjer fram, að eigendur eða formenn þeirra báta eða skipa, sem veiða síldina, eigi að greiða spítalagjaldið af öllum afla sínum og því einnig af þeim parti af aflanum, er þeir láta í landhlut og er jeg yður alveg samdóma um það.

92

- Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 1. sept. landskuld af þjóðjörð. — Í brjefi frá 12. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, óskað úrskurðar míns um það, hvert 60 álnir í sokkum, sem áskildar eru í landskuld af þjóðjörð í Húnavatnssýslu, megi greiðast eptir því, sem sokkaverðið hefir verið í þessari sýslu að meðaltali um 5 næstliðin ár, en á ári því, sem nú stendur yfir, sje ekkert sokkaverð tiltekið í verðlagsskránni fyrir tjeða sýslu.

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg sjái ekkert því til fyrirstöðu, að áminnst gjald verði greitt á þann hátt, sem þjer hafið stungið upp á.

93

- Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 3. sept. gjöld til almenningsparfa af brennisteinsnámum í Þingeyjarsýslu. — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 20. júlí þ. á. ritað mjer á þessa leið:

«Í þóknanlegu brjefi frá 27. maí þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, lagt það til, að ráðgjafinn gerði nauðsynlega ráðstöfun til þess, að leiguliðar brennisteinsnámanna í Þingeyjarsýslu gegni skuldbindingu þeirri, sem að yðar ætlun hvílir á þeim til, samkvæmt 4. grein leigusamningsins að greiða af höndum skatta þá og skyldur, sem heimilaðar eru eptir hinum almennu landslögum og tilskipunum, einkum gjald til búnaðarskóla samkvæmt tilskipun 12. febrúar 1872, og hafið þjer getið þess, að gjöld þau, er hvíla á afnotum brennisteinsnámanna hafi ekki orðið innheimt á Íslandi, þar sem leiguliðunum hafi aldrei verið afhentar námurnar.

Fyrir því læt jeg ekki dragast þjónustusamlega að tjá yður, að það er hvorttveggja, að það getur verið vafasamt, hvort greiða eigi skatt af tjeðum brennisteinsnámum, eins og jarðeign væri, því þær verða ekki notaðar til ábúðar, heldur gefa að eins af sjer brennistein, og hefði varla átt að meta þær til jarðadýrleika, enda eiga hjer ekki heima ástæður þær, sem komu því til leiðar, að lögskipuð voru gjöld þau til eflingar búnaði, er getur um í tilskipun 12. febr. 1872. En hvað sem því nú líður, þykir ráðgjafanum mjög hæpið, hvort leiguliðarnir verði álitnir notendur námanna, fyr en